

### **Samvinna, tillitsemi, góð verkaskipting, samkennd; fjölbreyttir kennsluhættir**

Á hverjum vetri vinna nemendur margvísleg samvinnuverkefni. Við erum ákaflega stolt af fyrirkomulagi þemadaganna í skólanum. Að öllu jöfnu eru þeir tvisvar á ári, þrjá kennsludaga í senn. Við sjáum ótrúlega margt skemmtilegt leysast úr læðingi á þessum dögum því þá eru nemendur í sannkölluðum þjálfunarbúðum í samskiptum, samvinnu, og listrænni sköpunarvinnu. Það er alltaf keppikeflið að allir séu virkir og séu meðvitaðir um að þeirra framlag skipti máli; bæði fyrir þá sem einstaklinga, en einnig fyrir samstarfshópinn í heild. Við höfum þróað sérstök matsblöð þar sem nemendum sjálfum er ætlað að meta hina ýmsu þætti hópstarfsins, s.s. eigið framlag, verkaskiptingu í hópnum, hópstjórn, samvinnu og margt fleira. Nemendur sjálfir meta sína eigin vinnu, en einnig vinnu annarra hópa í þeim tilgangi að gera þá betur meðvitaða um hve miklu máli það skiptir að vera góður þátttakandi í hóp og vera samvinnufús. Kennarar leggja að sjálfsgöðu sína mælistiku á verkefni af þessu tagi og viðurkenningar eru veittar fyrir góða frammistöðu. Þemadagarir eru meðal þróunarverkefna skólans.

Margvísleg önnur samvinnuverkefni eru á döfni á hverjum vetri í hinum ýmsu námsgreinum, s.s. stærðfræðimælingar, útiverkefni í náttúrufræði, glærusýningar í tungumálanámi og samfélagsfræði, ratleikir, myndlistarverkefni, uppsetning á leikriti, verkefni í kjölfar heimsókna, þátttaka í hinum svo nefnda Raunveruleik, fjarnám í framhaldsskólum, grenndarskógarverkefni, verkefnið „reyklaus bekkur“, námskeiðið „Hugsað um barn“, verkefni sem tengjast félagsstarfinu í skólanum ... og þannig mætti lengi telja. Til marks um margt að því sem við tökum okkur fyrir hendur eru myndir og fréttir úr skólastarfinu sem má sjá á [www.tjarnarskoli.is](http://www.tjarnarskoli.is).